

# RAFÍÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS.

## 39. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 30 MAÍ 2014.

### FUNDARGERÐ.

#### Mæting:

Haraldur L Arnbjörnsson, Grétar Guðmundsson, Guðrún S Berþórsdóttir, Eva Katrín Benjamínsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Júlía Björk Þórðardóttir, Sighvatur D Sighvatz, Jón Óskar Gunnlaugsson, Andri Jóhannesson, Jakob Tryggvason, Hafliði Sivertsen, Bára Halldórsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Jens H Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Helgi Jónsson, Svanborg Hilmarsdóttir, Jón Ingi Skúlason.

Forföll: Eyjólfur Ólafsson, Ómar Baldursson.

#### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Samantekt eftir sambandsstjórnarfund
3. Kjarasamningar
4. Styrktarsjóður (Orlofssjóður)
5. Húsnæðismál RSÍ
6. Lífeyrissjóðsnámskeið fyrir miðstjórn
7. Dalbúinn
8. Spennugolf 2014
9. Kaup á handriti
10. Fundaáætlun-haust 2014
11. Önnur mál

#### 1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

#### 2. Samantekt eftir Sambandsstjórnarfund.

Farið var yfir helstu áhersluatriði sem fram komu á sambandsstjórnarfundinum í Stykkishólmi dagana 9. til 10. maí sl.

Þar kom m.a. fram að Sambandsjóður hefur verið rekinn með halla undanfarin ár og er það óásættanlegt til lengri tíma, því er ljóst að auka verður aðhald og sparnað, eins skoða með kostnaðarvogina. Ástæða hallans á liðnu ári er sökum fjárfestingar í kynningarefni og því einskiptis kostnaður. En skoða má hvort rétt sé að hækka hlut

sem aðildarfélögin greiða í sambandssjóð og fara vel yfir kostnaðarvogina á móti/samhliða þeirri hækkun.

Talsverðar umræður urðu um stöðu sjóðsins og fundarmenn sammála að taka þyrfti á stöðunni eins og hún er í dag.

Engar ákvarðanar teknar, skoða málið áfram.

Að öðru leyti er fjárhagsleg staða RSÍ í góðu jafnvægi.

Á næsta ári verður þing RSÍ. Áætlað er að halda þingið dagana 7. til 9. maí 2015.

Tilboð um þingsstað eru komin frá Nordica, Grand og Hörpu. Taka verður afstöðu fljótlega hvaða staður verður fyrir valinu, en tilboðin eru öll á svipuðum nótum.

Þá þarf að fara í að huga að almennum undirbúningi þingsins.

### **3. Kjarasamningar.**

Lítið hefur gerst frá síðasta fundi miðstjórnar. Rarik og Landsnet felldu samningana, en Landsvirkjunarmenn samþykktu samninginn, 14 sögðu já en 11 sögðu nei.

Ýmsar sviftingar hafa aftur á móti verið á vinnumarkaðnum, flugmenn og fleiri hafa samið um umtalsvert meiri launahækkanir en samið hefur verið um á almenna markaðnum.

Skiljanlegt er að það hefur valdið talsverði úlfúð á vinnumarkaðnum, bæði hjá þeim sem samið hafa en eins hjá þeim sem ekki eru búnir að ná samningum.

Nauðsynlegt er því, að fara yfir samningsmódelið eins og það er í dag og hvernig við viljum sjá framtíðar samningsgerð.

Það má ýmsilegt læra af fyrri lotu.

### **4. Styrktarsjóður.**

Samþykkt að kaupa sjúkraíbúð á Akureyri. Hún verður notuð fyrir félagsmenn á Norður- og Austurlandi. Talsverður þrýstingur hefur verið frá félagsmönnum á þessu svæði að keypt verði íbúð til að mæta þessum þörfum. Verðhugmynd á íbúð er á bilinu 30- 35 milljónir kr.

### **5. Húsnæðismál RSÍ.**

Samþykkt að láta hanna og gera kostnaðnaðaaætlun varðandi yfirbyggingu á milli húsanna Stórhöfða 31 og 29. Leyfi liggur fyrir frá Byggingafulltrúanum í Reykjavík að byggt verði yfir og því ekkert til fyrirstöðu að leita eftir kostnaðaráætlun og fl. Það er fyrirsjáanlegt að sambandið þarf á auknu húsnæði að halda, sem ekki er til staðar í dag. Þess vegna er nauðsynlegt að ráðast í framkvæmdir sem fyrst.

## **6. Lífeyrissjóðsnámskeið.**

Vegna þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað um framtíðarstjórnarmenn í Lífeyrissjóðnum Stöfum er nauðsynlegt að koma á námskeiði fyrir þá sem áhuga hafa á að verða stjórnarmenn framtíðarinnar.

Tilboð frá Félagsmálaskóla alþýðunnar hefur borist. Skólinn er tilbúinn að halda námskeið fyrir verðandi „kandidata“ Kostnaður ca 1.100.000.-kr.

Samþykkt að taka tilboðinu um námskeið ef næg þátttaka fæst. Áhugasamir framtíðar stjórnarmenn eru beðnir að hafa samband við skrifstofðu RSÍ.

## **7. Dalbúinn.**

Samþykkt að styrkja golfklúbbinn um kr.350.000.- og að braut 3 verði merkt „Stefánsbraut“ til minningar um „golfarann og félagsmann RSÍ til margra ára Stefán Ó Guðmundsson“

## **8. Spennugolf 2014.**

Ákveðið hafði verið að spennugolf RSÍ 2014 yrði haldið á Dalbúavelli 13 júní 2014. Umræður urðu, hvort sá völlur væri nógu stór til að halda slík stórmót í golfi, völlurinn er bara 9 holur. Ákveðið að skoða hvort hægt væri að fá inni á 18 holu golfvelli.

## **9. Kaup á handriti.**

Rætt um kaup á handriti Guðmundi Gunnarssyni vegna skrifa á sögu rafiðanaðarins. Samþykkt að veita honum styrk uppá kr. 2.500.000.kr.

## **10. Fundaráætlun miðstjórnar haust 2014**

Kynnt var fundaráætlun miðstjórnar seinni hluta árs 2014. Fyrsti fundur er áætlaður 29. ágúst. Og að hangikjötsfundurinn verði 5. desember 2014. Fyrirhugað er að halda einn vinnufund á tímabilinu en fundartími eða staður ekki ákveðinn.

## **11. Önnur mál.**

Undirbúningur vegna fjölskylduhátíðarinnar sem verður helgina 20. til 22. júní er í fullum gangi og allt í góðu standi.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 15.30.  
Fundargerð: Helgi Jónsson ritari.